

Nd.

205. Frumvarp

til laga um kosningu sáttanefndarmanna og varasáttanefndarmanna í Reykjavík.

Flm.: Einar Arnórsson, Magnús Jónsson, Héðinn Valdimarsson.

1. gr.

Sáttanefndarmenn og varasáttarnefndarmenn í Reykjavík skulu kosnir af bæjarstjórninni. Þeir skulu kosnir allir samtímis, með hlntfallskosningu og til 3 ára í senn.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin þau ákvæði í 12. gr. tilskipunar 10. júlí 1795, um stofnun sáttanefnda, sem koma í bága við lög þessi.

G r e i n a r g e r ð.

Frumvarp þetta er flutt eftir tilmælum bæjarstjórnar Reykjavíkur, og lætur hún fylgja því svolátandi athngasemdir:

„Eftir þeim lögum, sem nú gilda um kosningu sáttanefndarmanna og varasáttanefndarmanna, skulu menn kosnir til þessa starfa með almennum kosningum, eftir að bæjarstjórnin hefir stungið npp á ákveðnum mönnum í þessu skyni.

Fyrir þessar kosningar verður að semja sérstaka kjörskrá. Hefir það nú orðið mjög mikinn kostnað í för með sér hér í bænum, vegna kjósendafjöldans, auk alls annars kosningarundirbúnings. Þegar á það er litið, að aðeins örfáir kjósendur, venjulega mikið fyrir innan 100, neyta kosningarréttar síns við þessar kosningar, eins og verið hefir um fjölda ára hér, virðist bæjarstjórninni fyllsta ástæða til að létta af borgurunum þeim mikla kostnaði og öllu því umstangi, sem hið eldra kosningarfyrirkomulag — sem vissulega er orðið á eftir tímanum hér í bænum — hefir í för með sér. Þess vegna óskar hún þess, að frumvarp þetta verði lagt fyrir Alþingi og samþykkt þar“.